

Reykjavík 9. nóvember 2023

Bókun.

Íbúi á Kjalarnesi gerir alvarlegar athugasemdir við kynningarferli á breytingum á aðalskipulagi á Álfsnesi vegna fyrirhugaðs skotsvæðis.

Kynningin hefur ekki farið fram skv. 123/2010
30.gr.2.mgr.

–Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Á fundi Íbúaráðs Kjalarness 19.04.2023

<https://reykjavik.is/fundargerdir/ibuarad-kjalarness-fundur-nr-37> liður 1 er óskað eftir fundi með samráðshóp um skotvellinga. Því miður hefur sá fundur enn ekki verið haldinn, a.m.k. ekki opinberlega.

Auglýsing um íbúafund Íbúaráðs Kjalarness á Facebook síðu Grænt Kjalarnes fundurinn er boðaður **12. okt. 2023**. Annar liður fundarins er „Málefni skotsvæðisins á Álfsnesi. Til kynningar. MSS22100061“. Ég fór á fundinn og átti von á kynningunni frá samráðhópnum sem óskað hafði verið eftir á fundi Íbúaráðsins 19.04.2023. Nei. Dagskrá fundarins var breytt á fundinum (**sem þó er ekki getið í fundargerð**)

<https://reykjavik.is/fundargerdir/ibuarad-kjalarness-fundur-nr-41>

Haraldur Sigurðsson kom frá Reykjavíkurborg og óskaði eftir breytingu á dagskrá fundarins og var með kynningu um breytingu á aðalskipulagi v. skotvallanna. Þetta kom hvergi fram í auglýsingum um fundinn, hvorki íbúar né landeigendur því upplýstir um kynninguna. Að mínu mati uppfyllir þetta ekki skilyrði 2.mgr. 30 gr. skipulagslaga . Reykjavíkurborg ber að kynna breytinguna með mun skilvirkari hætti þannig að íbúar og landeigendur geti kynnt sér / haft áhrif á málið.

Óska ég hér með eftir að sú kynning fari fram skv. 123/2010 30.gr.2.mgr.
Sérlega er þetta mikilvægt vegna áralangra kvartana, athugasemda og kærur
íbúa til UUA. Þetta þekkir stjórnslá Reykjavíkurborgar mæta vel.

Óska ég þess að bókunin verði send umhverfis-og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar ásamt því að hún fylgi fundargerð þessa fundar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Ingólfssdóttir.